# Ferðaþjónustan hefur náð flughæð

**Gústaf Steingrímsson**
Hagfræðingur í Hagfræðideild Landsbankans

# Framboð flugsæta ráðandi þáttur í fjölguninni síðustu ár

- Ljóst að breytingar í sætaframboði skýra fjölgun ferðamanna síðustu misserin
- Mikil framboðsaukning á fyrsta ársfjórðungi 2017
- Verulega dró úr aukningunni í maí 2017
- Frá maí 2017 hefur aukning sætaframboðs verið meiri en fjölgun ferðamanna
- Sú þróun bendir til þess að sætanýting hafi farið versnandi



Aukning á 12 mánaða grundvelli
*Heimild:* Ferðamálastofa, Isavia

# Sætanýtingin hefur versnað

- Minnkandi sætanýting á sama tíma og flugmiðaverð hefur lækkað
  - Skýringa á versnandi nýtingu má hugsanlega rekja að hluta til styrkingar krónu
- Versnandi nýting gæti haft í för með sér minnkandi sætaframboð
  - Það myndi aftur leiða til fækkunar ferðamanna
- Krónan hefur gefið eftir síðustu vikurnar
  - Ef sú veiking er komin til að vera gæti það bætt sætanýtingu og þannig haft jákvæð áhrif á sætaframboð fram á við

**Hlutfall brottfara og framboð á flugsætum frá Leifstöð**




*Heimild:* Isavia

# Wow air og airbnb framlengdu uppsveifluna í ferðaþjónustu

## Framlag flugfélaga til aukins sætaframboðs




Ársfjórðungstölur. Vöxtur á 12 mánaða grundvelli
*Heimild:* Isavia

## Framlag til heildarvaxtar gistinátta




Ársfjórðungstölur. Vöxtur á 12 mánaða grundvelli. Miðað við fyrstu tvo mánuði þriðja fjórðungs 2018. Gert er ráð fyrir að hlutfall gistinátta erlendra ferðamanna sé það sama í Airbnb og hjá hótelum og gistiheimilum
*Heimild:* Hagstofa Íslands, Airdna

# Hvernig líta næstu mánuðir út?

- Sætaframboðið mun aukast nokkuð og fjölgunin ætti að fylgja því eftir
- Aukning sætaframboðs einungis borin af íslensku félögunum
  - Icelandair gerir ráð fyrir að vaxa töluvert meira en WOW air
- Erlendu félögin gera ráð fyrir að draga úr framboði sínu
  - Líklegt er að skýringanna á því sé að finna í minnkandi nýtingu
- Sé veiking krónu komin til að vera mun það styðja við betri nýtingu og þannig aukið framboð flugsæta




Breyting í framboði flugsæta á 12 mánaða grundvelli
*Heimild:* Isavia

# Veruleg óvissa um fjöldaþróun ferðamanna á næstu árum

- Gerum ráð fyrir 6% fjölgun á þessu ári
- Næstu þrjú árin gerum við ráð fyrir 2% fjölgun á hverju ári
- Margir óvissuþættir til staðar sem gætu bæði aukið eða dregið úr fjölda ferðamanna
  - Sætaframboð
  - Efnahagsþróun í heiminum
  - Gengi krónunnar
  - Áframhaldandi erfiður rekstur WOW air og Icelandair
  - Flugmiðaverð




*Heimild:* Ferðamálastofa, Hagfræðideild Landsbankans

# Ferðaþjónustan áfram leiðandi í hagþróun landsins

- Þrátt fyrir minni vöxt í ferðaþjónustu á spátímabilinu verður hann meiri en í sjávarútvegi og stóriðju
- Framlag ferðalaga verið meiri en farþegaflutninga síðustu ár til heildarvaxtar útflutnings
  - Framlag farþegaflutninga verður hins vegar nokkuð meira á þessu og næsta ári
- Ferðaþjónustan áfram lykilþáttur í efnahagslegri velferð hér á landi
- Taprekstur sumra fyrirtækja og erfitt rekstrarumhverfi kallar á grisjun og sameiningar í greininni á næstu árum
  - Það gæti lækkað þjónustustig í greininni tímabundið og þannig haft neikvæð áhrif á vöxtinn
  - Mikilvægt að það gangi sem fljótast og best fyrir sig




2018-2021 er spá Hagfræðideildar á föstu gengi og föstu verðlagi

*Heimild:* Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans